

Mál nr. 159/2008

M
og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)

Meiðsl af völdum fellihýsis sem féll niður þegar það var fært til við heimili tjónþola þann 24.06. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 21.08. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M slasaðist er hann var að færa fellihýsi frá bifreið sinni í innkeyrslu við heimili sitt. Til þess að færa fellihýsið þurfti hann að draga nefhjól þess niður og festa það með pinna sem smellur í sínar skorður. Þegar hann var búinn að draga fellihýsið til mun umræddur pinni hafa “brotnað og bognað” með þeim afleiðingum að beislið framan á fellihýsinu féll niður og lenti á hægri fæti M sem slasaðist.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. A hafi selt sér gallaða vöru og því beri hann bótaábyrgð á því tjóni sem varð. Fellihýsið hafi verið haldið framleiðslu- eða hönnunargalla. Hann hafi keypt fellihýsið rúmum mánuði áður en slysið varð og að hann hafi verið að koma úr sinni fyrstu ferð þegar slysið varð.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Engin gögn liggi til grundvallar um að pinni sá sem heldur nefhjólinu uppi hafi verið haldinn galla og þess vegna brotnað. Líkt og A hafi bent á geti ýmsar ástæður legið að baki því að umræddur pinni gefi sig sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið telur að M hafi sönnunarbyrði fyrir því hverjar séu orsakir tjónsatburðarins. A þvertækur fyrir að umræddur pinni hafi verið seldur beygður eða gallaður frá honum.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Miðað við gögn máls þessa verður M að bera halla af sönnunarskorti í máli þessu.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 16. september 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.